

Markasteinn

Markasteinn er gamalt landamerki jarðanna Fífuhvamms, sem áður hét Hvammkot, Vatnsenda og Breiðholts. Jarðirnar voru í hópi lögbýla sem tilheyrðu Seltjarnarneshreppi hinum forna. Í heimildum frá 14. öld eru þær taldar með eignum Viðeyjarklausturs en urðu eign konungs eftir siðaskiptin 1550. Vatnsendi og Fífuhvammur voru seld úr konungseign á fyrri hluta 19. aldar og öld síðar var Breiðholtsjörðin innlimuð í Reykjavík. Við stofnun Kópavogshrepps árið 1948 komust Fífuhvammur og Vatnsendi í lögsögu Kópavogs.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var þá tvíbýlt á öllum jörðunum þremur. Á Kópavogsjörðunum Fífuhvammi og Vatnsenda bjuggu 16 manns en rúmum 300 árum síðar hefur íbúafjöldinn u.þ.b. þúsundfaldast með þeim sem nú búa í Smárum, Lindum, Sölum, Kórum, Hvörfum og Þingum.

Á Markasteini er að finna bæði öflugan járnhring og járnlykkju. Hlutverk lykkjunnar var að staga Rjúpnahæðargirðingu en gera má ráð fyrir að hringurinn hafi verið notaður áður fyrir til að tjóðra hesta þegar að var við steininn.

Markasteinn er skráður í Fornleifaskrá Kópavogs frá árinu 2000 og hann hefur talsvert minjagildi.

